

**Snæfríður Þóra Egilson**  
**- útnefnd sem heiðursfélagi í Iðjuþjálfafélagi Íslands á aðalfundi 16. mars 2023**

Snæfríður Þóra er fædd í Reykjavík 1956. Hún gekk í Vogaskóla og síðar Menntaskólann við Hamrahlíð þaðan sem hún lauk stúdentsprófi 1975. Snæfríður lauk diplómanámi í iðjuþjálfun frá iðjuþjálfaskólanum í Osló 1981.

Að loknu námi í iðjuþjálfun starfaði hún næstu 16 árin við sérdeildir Hlíðaskóla, Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, að undanskildum árunum 1992-1994 þegar hún stundaði meistaranám í iðjuþjálfun við San Jose State University í Kaliforníu. Á þessum þremur stöðum byggði hún upp starfsemi iðjuþjálfunar, ýmist ein eða í samvinnu við aðra.

Snæfríður gekk til liðs við skólanefnd Iðjuþjálfafélagsins 1994 og vann þar að undirbúningi og uppbyggingu náms í iðjuþjálfun hér á landi. Hún varð önnur tveggja fyrstu kennara á námsbraut í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri árið 1997 og starfaði þar í samfellt 16 ár.

Samhliða uppbyggingu námsins í iðjuþjálfun og kennslu gegndi hún ýmsum trúnaðarstörfum innan og utan Háskólans á Akureyri. Hún hóf jafnframt doktorsnám í uppeldis- og menntunarfræðum árið 2000 og lauk því árið 2005, fyrst íslenskra iðjuþjálfara. Doktorsrannsókn Snæfríðar beindist að skólabátttöku hreyfihamlaðra barna. Einnig tók Snæfríður þátt í þróun náms í algildri hönnun við Norræna heilsuháskólann í Gautaborg á þessum árum.

Árið 2013 réðst Snæfríður til Háskóla Íslands og hefur starfað þar síðan sem prófessor í fötlunarfræðum við Félagsvísindasvið. Rannsóknir Snæfríðar tengjast heilbrigðis-, félags- og menntavísindum og hafa einkum snúið að lífsgæðum, þátttöku og umhverfi fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra og þeirri þjónustu sem þeim stendur til boða. Síðustu árin hefur Snæfríður einnig beint sjónum að fjölskyldum fatlaðra barna sem jafnframt eru innflytjendur.

Snæfríður hefur komið að þýðingu og staðfæringu fjölmargra matstækja sem notuð eru í iðjuþjálfun og er einn af höfundum matstækisins School Setting Interview (Mat nemenda á skólaumhverfi). Eftir hana liggur fjöldi ritrýndra greina og bókarkafla á íslensku og ensku. Snæfríður hefur leiðbeint 8 iðjuþjálfum til meistaraþrófs. Hún er aðalleiðbeinandi tveggja íslenskra iðjuþjálfara sem stunda doktorsnám og sat að auki í doktorsnefnd iðjuþjálfara sem lauk prófi fyrir nokkrum árum.

Snæfríður hefur tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum og skipulagt viðburði tengdum rannsóknum innan fötlunarfræða og mannréttinda. Hún var fulltrúi Íslands í ritstjórn SJOT (Scandinavian Journal of Occupational Therapy) um árabíl og situr nú í ritnefnd þess.

Snæfríður er ótvíræður frumkvöðull þegar kemur að þróun og uppbyggingu þjónustu við fötluð börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra. Hún hefur lagt stórt lóð á vogarskálarnar þegar kemur rannsóknum og uppbyggingu þekkingar innan barnaiðjuþjálfunar og fötlunarfræða á Íslandi, ekki síst með því að setja fram gagnrýnin sjónarhorn og varpa ljósi á hvernig þessi tvö fræðasvið tengjast.

Það er með miklu þakklæti og stolti sem við í stjórn ÍPÍ útnefnum Snæfríði sem heiðursfélagi og þökkum mikilvægt og ómetanlegt framlag til iðjuþjálfunarfagsins og málefna fatlaðs fólks á Íslandi.